

18. apríl 2012 / Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður

Ráðningarferli fyrir starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins

Markmið: Faglegt ferli fyrir ráðningu forstjóra Fjármálaeftirlitsins:

- að afla hæfra umsækjenda.
- að nýta bestu þekkingu og upplýsingar sem völ er á í ráðningarferlinu.
- að nýta þekkingu og viðhorf starfsfólks í ferlinu.
- að móta hlutlægt, réttmætt, áreiðanlegt og ásættanlegt matsferli.
- að jafnræðis umsækjenda sé gætt í matsferlinu.
- að tryggja að hæfasti umsækjandinn sé ráðinn.

1. Skipun hæfnisnefndar

- Stjórn **skipar þriggja manna óháða matsnefnd** sem fær það hlutverk að stýra matsferlinu og að meta hæfi umsækjenda. Í matsnefndinni verða dr. Ásta Bjarnadóttir (formaður), dr. Gylfi Magnússon og Regína Ásvaldsdóttir.
- Capacent ráðningar annast ritarastörf fyrir **nefndina** (trúnaður við nefndina og umsækjendur áskilinn). Ritari ber ábyrgð á móttöku umsókna og annarri framkvæmd og umsýslu þ.m.t. á ritun fundargerða og samskiptum við umsækjendur.
- Skýrt er að stjórn Fjármálaeftirlitsins ber ábyrgð á ráðningaferlinu og getur því kallað eftir upplýsingum um framgang þess og um umsækjendur, eftir því sem þurfa þykir til að uppfylla þá ábyrgð.

2. Greining starfs og skilgreining hæfniskrafna

Nefndin **greinir starfið** og **skilgreinir hæfniskröfur** (þekking, færni, geta og eiginleikar) fyrir starfið og flokkar í annars vegar kröfur og hins vegar æskilega þætti. Hæfniskröfur skulu meðal annars taka mið af lögum og stefnu Fjármálaeftirlitsins. Á þessu stigi er mikilvægt að kröfur séu hvorki of víðar, né of þröngar til að ekki séu útilokaðir að ósekju hæfir einstaklingar strax á fyrsta stigi.

- **Starfsfólk Fjármálaeftirlitsins verður virkjað** til þátttöku í skilgreiningu hæfniskrafna annars vegar með því að gefa því færi á að senda inn athugasemdir við drög að auglýsingu og hins vegar með opinni spurningu í nafnlausri spurningakönnun.
- **Stjórn Fjármálaeftirlitsins tekur endanlega ákvörðun um hæfniskröfurnar.**

3. Öflun umsækjenda

- **Samin auglýsing** þar sem hæfniskröfur (menntun og reynsla) koma fram: Annars vegar kröfur og hins vegar hæfnisþættir eða reynsla sem er æskileg.
- **Starfið auglýst/kynnt:**

- Innanhúss
 - Vef Fjármálaeftirlitsins
 - Starfandi forstjóri kynnr á reglulegum fundi með starfsfólki.
 - Tölvupóstur til starfsfólks frá stjórnarformanni. Hvatning til að sækja um og/eða til að hvetja hæfa aðila utanhúss til að sækja um (á ensku og íslensku).
- Innanlands
 - Lögbirtingarblaðið
 - Dagblöð: Morgunblaðið (lau.), Fréttablaðið (lau.),
 - Starfatorg
- **Fagleg meðhöndlun umsókna:** Capacent sér um móttöku og samskipti við umsækjendur.
 - Staðfesta móttöku umsókna.
 - Láta umsækjendur fá upplýsingaefni og/eða benda á efni og vefsíður.
 - Lýsa ráðningarferlinu og lykiltímasetningum.
 - Vera í sambandi varðandi það sem skiptir máli.
 - Gæta fyllsta trúnaðar við umsækjendur og nefndina.

4. Frummat umsókna – kerfisbundið mat.

- **Skilgreindir þættir** sem metnir eru á þessu stigi m.t.t. hæfniskrafna sem skilgreindar voru á stigi 1 og í ljósi auglýsingar (3-5 meginþættir).
- **Skilgreint vægi** einstakra þátta ákveðið t.d. m.t.t. þess hvort krafa sé til staðar eða aðeins æskilega reynslu/eiginleika og/eða í ljósi upplýsinga úr könnun meðal starfsfólks.
- Nefndarmenn **meta umsækjendur kerfisbundið** (og á kvarða t.d. frá 0-10 eða 1-5) **sjálfstætt** og án undangenginna samræðna.
- **Reiknað tölulegt meðaltal** frá öllum nefndarmönnum og fyrir alla þætti (tryggir hlutlægni og eykur áreiðanleika í mati).
- **Alls 8 - 10 hæfustu umsækjendur** eru boðaðir í starfsviðtöl.
- Sérfræðinganefndin fjallar sérstaklega um **jafnréttissjónarmið** á þessum stað í ferlinu.

5. Mat í starfsviðtölum

- **Staðlaður viðtalsrammi:** Nefndin mótar viðtalsramma með spurningum fyrir viðtalið. Samdar eru hegðunar- og aðstæðubundnar spurningar. Allir eru spurðir sömu eða sambærilegra spurninga til að gæta fyllsta jafnræðis og koma í veg fyrir t.d. kynbundna nálgun í inntaki og framsetningu spurninga.
- **Matsþættir.** Að lágmarki skulu 10 matsþættir (til að tryggja áreiðanleika og réttmæti) og kvarði valinn/skilgreindur til að meta í kjölfar viðtala og þannig leitast við að gera matið hlutlægt og áreiðanlegt. Þáttum er gefið vægi með tilliti til mikilvægis.
- **Framkvæmd mats:** Matsaðilar meta sjálfstætt umsækjendur við lok hvers starfsviðtals (metið alfarið án viðræðna eða samanburðar við aðra matsaðila). Reiknað tölulegt meðaltal fyrir einstaka þætti sem gefur yfirsýn yfir styrkleika og veikleika hvers umsækjanda, en einnig ein heildareinkunn úr öllum þáttum. Matið myndar jafnframt grundvöll til málefnalegar umræðu og rökstuðnings þegar mikið ber á milli í mati matsmanna á einstökum matsþáttum eða í heild.

6. Niðurstöður úr mati

Niðurstöður úr mati matsnefndar (frummati, starfsviðtölum og matsmiðstöð/hæfisprófi) kynntar fyrir stjórn Fjármálaeftirlitsins munnlega og í skriflegri álitserð. Stjórnin fær jafnframt yfirlit yfir aðra

umsækjendur, upplýsingar um kynjaskiptingu ofl. sem hún telur skipta máli við ákvörðun um hverjir verða kallaðir til viðtals / kynningar hjá stjórninni.

7. Ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins

Stjórn Fjármálaeftirlitsins kallar til fundar 2 – 4 umsækjendur sem þykja skara fram úr og fær hjá þeim kynningu á þeirra framtíðarsýn fyrir eftirlitið og uppbyggingu þess. Stjórn tekur ákvörðun um ráðningu með fyrirvara um hæfismat ráðgjafanefndar um hæfi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila.